



## Textíll 8., 9. og 10. bekkur

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Nemandi getur:</p> <p><b>Handverk, aðferðir og tækni</b></p> <p>Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða</p> <p>Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni og efnisfræði</p> <p>Unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf</p> <p><b>Sköpun, hönnun og útfærsla</b></p> <p>Beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu</p> <p>Skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt</p> <p>Lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök.</p> <p>Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði.</p>	<p><b>Sýnikennsla</b> þar sem ýmist er farið yfir verkfelið og aðferðir fyrir framan allan hópinn eða nemendum skipt í minni hópa</p> <p><b>Verkefnaval</b> þar sem unnið er að ólíkum viðfangsefnum eftir áhuga nemenda</p> <p><b>Einstaklingsaðstoð</b> þar sem aðstoðað er eftir þörfum hvers og eins</p> <p><b>Kynningar</b> þar sem fjallað er um ákveðin hráefni, aðferðir eða sögulegt samhengi kynnt</p> <p><b>Verkleg og skapandi vinna</b> þar sem nemendur vinna við að útfæra eigin hugmyndir og prufa sig áfram</p> <p><b>Efni og áhöld</b> sem notuð eru við viðfangsefni</p>	<p>Nemendur:</p> <p><b>Handverk</b></p> <p>Sýni frumkvæði við val og vinnu eigin verks og noti margvíslega miðla til að afla upplýsinga</p> <p>Skipuleggi eigið vinnuferli, geri vinnuáætlun og lauslega uppdrætti/skissur að verkefnum og nýti sér þær við hugmyndavinnu</p> <p>Vinni sjálfstætt og beiti áunninni þekkingu, t.d. við sniðavinnu og þegar farið er eftir uppskriftum eða leiðbeiningum</p> <p>Geri sér grein fyrir möguleikum á endurnýtingu í textílvinnu og endurnýti og vinni með efnisbúta t.d. úr notuðum fatnaði</p> <p><b>Sköpun</b></p> <p>Þjálfist í að hugleiða mismunandi lausnir á viðfangsefnum og skreytingum þeirra.</p> <p>Upplifi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda.</p>	<p><b>Frammistöðumat</b> þar sem merkt er við í lok hverrar kennslustundar hvernig nemandi hefur staðið sig. Þættir sem metnir eru: virkni, verkfærni og umgengni.</p> <p><b>Hæfniviðmiðaðmat</b> þar sem merkt er við hversu vel nemandi nær tókum á tækni greinarinnar.</p> <p>Gefin er umsögn í lok tímabils.</p>



<p><b><i>Menning og umhverfi</i></b></p> <p>Útskýrt tjáningarmáta og tákni textíla og tíska út frá mismunandi stíl, áferð og efniskennnd í tengslum við sérkenni íslenskrar textílvinnu, handverks, textílsögu og menningararfs</p> <p>Fjallað um helstu tákni og merkingar vefjarefna</p> <p>Sagt frá textíliðnaði og starfsgreinum tengdum fatagerð og textílhönnun</p> <p>Sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd</p>		<p><b><i>Menning</i></b></p> <p>Þekki helstu atriði úr vefjarefnafræði og helstu eiginleika náttúruafna og gerviefna</p> <p>Kynnist textíliðnaði og starfsgreinum tengdum honum</p> <p>Geri sér grein fyrir að öguð vinnubrögð eru mikilvægur þáttur í handverki</p> <p>Tileinki sér orðaforða greinarinnar, vandvirkni, góða umgengni og rétta meðferð áhalda og tækja</p>	
--	--	---	--